

FW: varðar Herjólfsgötu

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Heiti : FW: varðar Herjólfsgötu
Málsnúmer : 1507189
Málsaðili : Morgan ehf.
Skráð dags : 13.11.2015 12:09:34
Höfundur : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Viðhengi fylgigögn með kæru.pdf
fylgigögn með kæru.pdf
image001.png
image001.png

From: Páll Kristjánsson [<mailto:pall@krst.is>]

Sent: 11. nóvember 2015 16:03

To: Þormóður Sveinsson

Subject: varðar Herjólfsgötu

Sæll Þormóður,

Ég vísa í fund okkar.

Með erindi þessu óska ég eftir því f.h. umbj. minna Morgan ehf. að beiðni um breytingu á sala í íbúð að Herjólfsgötu 38 verði tekin fyrir að nýju hjá bænum. Málinu var synjað af Sipulags- og byggingarráði með ákvörðun nr. 1406109. Þá er þess enn fremur krafist að umsókn félagsins um breytingu á deiliskipulagi verði tekin fyrir að nýju og afgreidd að því marki sem þörf er á að teknu tilliti til fyrri beiðni. Því hafði áður verið hafnað af Skipulags- og byggingarráði með ákvörðun nr. 1507189.

Í gögnum bæjarins liggja nú þegar inni erindi mín vegna þessara mála og vísa ég til þeirra gagna.

Þó eru nokkur atriði er ég tel nauðsynlegt að skerpa á.

- Umræddur salur er séreign umbjóðenda minna skv. eignaskipasamningi. Breytingin hefur engin áhrif þar um
- Aðrir íbúar hafa blandað eignarhaldi á íbúð í húsinu inn í skipulagsmál bæjarins. Hafa þeir hafnað breytingum nema að íbúð verði afsalað til húsfélagsins. Ítrekaðar sáttatilraunir hafa engan árangur borið.
- Umbjóðendur mínir telja fyrir það fyrsta að umrædd breyting á nýtingu rýmisins samrýmist gildandi deiliskipulagi. Líkt og að framan greinir þá telja umbjóðendur mínir að einungis sé um að ræða breytingu á hagnýtingu séreignar sbr. ákvæði 27. gr. fjöleignarhúsalaga. Ómálefnelegum sjónarmiðum og algjörlega ótengdri deilu hefur hinsvegar verið blandað inn í skipulagsmál Hafnarfjarðarbæjar. Vísa ég þeim efnum í til könnunar sem Bjarki Jóhannesson þáverandi skipulagsfulltrúi framkvæmdi.
- Þá verður ekki séð hvernig breyting á nýtingu rýmisins hafi áhrif á lóð, byggðamynstur, nýtingarhlutfall eða útlit og form mannvirkis. Þá hefur breytingin engin áhrif á séreignar- og/eða sameignarhluta fasteignar. Eignaskiptahlutföll verða óbreytt. Ljóst er að frávik eru svo óveruleg að hagsmunir nágretta skerðist í engu.
- Að endingu vil ég benda á að málið kom inn á borð bæjarins í maí 2014 þ.a. afgreiðsla málsins hefur tafist verulega.
- Ég læt fylgja með í viðhengi fylgigögn er fylgdu með kærinni inn til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Getur haft þau til hliðsjónar en bærinn á nú þegar að hafa þau undir höndum. Sú kæra var afturkölluð og stóð til að fara með málið beint inn í dóm. Vonum að til þess komi þó ekki.

Sé frekari gagna eða upplýsinga óskað skal haft samband við undirritaðann.

Virðingarfyllst,

Páll Kristjánsson,

hdl.

KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík

Sími: +354 551-6412 | gsm: +354 849-5870

Netfang: pall@krst.is | Veffang: www.krst.is



Innihald þessa pósta er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita og eyða póstinum strax.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)